



Reykjavík, 6. ágúst 2021
PON21050016

Til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um mannauðsmál Þjónustu- og nýsköpunarsviðs - R21040036.

Vísað er til bréfs, dagsett þann 10. maí 2021, þar sem óskað er eftir svari Þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um ráðningar án auglýsinga síðastliðin 4 ár.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir,
mannauðsstjóri

Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Sendandi: Guðfinna Eyrún Ingjaltdóttir, mannauðsstjóri Þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um mannauðsmál Þjónustu- og nýsköpunarsviðs - R21040036.

Á fundi mannréttinda, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 8. apríl 2021, lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn sbr. 9. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Inngangur að fyrirspurnum frá fulltrúa Flokks fólksins sem snúa að mannauðsmálum þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Fjölmargar uppsagnir hafa verið á þjónustu- og nýsköpunarsviðs á starfsfólki undanfarin ár. Fólki með langan starfsaldur, starfsreynslu hefur verið sagt upp einnig í miðju COVID og það þrátt fyrir að borgarmeirihlutinn lýsti yfir að standa skuli vörð um störf starfsfólks á þessum atvinnuleysisstímum. Þrátt fyrir uppsagnir á sérfræðingum hefur sviðið verið duglegt að auglýsa eftir fólki í allskyns störf undanfarið. Þess vegna spyr borgarfulltrúi Flokks fólksins eftirfarandi spurninga: Hafa einhverjir starfsmenn verið ráðnir inn án auglýsingar undanfarin 4 ár og ef svo er þá hversu margir og hversu lengi hefur þá hver og einn starfsmaður sem var ráðinn inn með hætti, verið í vinnu? Hafi einhver verið ráðið inn með þessum hætti vill fulltrúi Flokks fólksins fá að vita hvort það fólk sé með tilskýlda menntun og reynslu til þess að sinna því starfi sem viðkomandi fékk á þennan hátt. Borgin hefur að minnsta kosti fram til þessa viljað státa sig af fagmennsku þegar kemur að mannauðsmálum og að sá sem hæfastur er til starfsins sé valinn. Enginn vill að geðþóttaákvörðanir ráði eða klíkuskapur þar sem fáir útvaldir fá stöður án þess að um hæfasta einstakling sé að ræða.

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsett þann 10. maí 2021.

Svar:

Ímynd og orðspor Reykjavíkurborgar sem vinnustaðar hefur áhrif á fjölda þeirra umsókna sem berast í auglýst störf hverju sinni og eins á gæði þeirra. Fjöldi og gæði þeirra umsókna sem berast hefur svo bein áhrif á gæði starfsseminnar innan Reykjavíkurborgar á öllum starfsstöðvum. Miklir hagsmunir liggja því í því að rétt sé staðið að ráðningum og að borgin laði til sín hæfasta starfsfólkið hverju sinni, starfsfólk sem leggur metnað sinn í að vinna í þágu íbúa og fyrirtækja í borginni.



Um starfsmenn sveitarfélaga gilda sveitarstjórnarlög og kjarasamningar þeirra, stjórnarsýslulög og óskráðar meginreglur stjórnarsýsluréttarins. Um ráðningu starfsmanna sveitarfélaga annarra en framkvæmdarstjóra gilda 56. og 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en samkvæmt síðarnefnda ákvæðinu fer um réttindi, skyldur og starfskjör starfsmanna eftir kjarasamningi hverju sinni. Við könnun á auglýsingaskyldunni og atriðum tengdum auglýsingu verður því að horfa til kjarasamnings hvers sveitarfélags.

Þá gilda stjórnarsýslulög nr. 37/1993 um ráðningar en gæta þarf jafnræðis og samræmis í lagalegu tilliti. Fyrir utan stjórnarsýslulögin gilda einnig óskráðar meginreglur stjórnarsýsluréttar til dæmis réttmætisreglan sem kveður á um að allar ákvarðanir verði að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum. Í þeirri óskráðu meginreglu, sem nefnd er verðleikareglan, felst að Reykjavíkurborg beri almennt að ráða hæfasta umsækjandann um starfið og byggja niðurstöðuna á faglegum verðleikum umsækjenda.

Gildandi kjarasamningar Reykjavíkurborgar við Sameyki, undirfélög Bandalags háskólamanna og fleiri stéttarfélög kveða á um skyldu Reykjavíkurborgar til að auglýsa öll laus störf laus til umsóknar á opinberum vettvangi. Á þeirri skyldu eru þó gerðar nokkrar undantekningar í kjarasamningi. Ekki er skylt að auglýsa afleysingastörf vegna fæðingarorlofs eða veikinda, störf þar sem ráðning skal standa 12 mánuði eða skemur, tímavinnustörf eða störf nema.

Fjöldi ráðninga á Þjónustu- og nýsköpunarsviði og fyrirrennara þess Skrifstofu Þjónustu og reksturs var 81 á tímabilinu 1. janúar 2017 t/m 11. maí 2021. Af þeim fjölda eru 60 starfsmenn enn við störf á sviðinu en 21 hefur látið af störfum. Fjöldi auglýstra starfa var 50 og fjöldi starfa sem féllu undir ofangreint ákvæði undantekningar 29. Einungis 2 störf voru hvorki auglýst né féllu undir ofangreint ákvæði undantekningar, annarsvegar starf verkefnastjóra og hinsvegar starf deildarstjóra stoðþjónustu. Hafa þau störf nú bæði verið auglýst þegar þetta svar er skrifað, annað starfið um miðjan júlí síðastliðinn og hitt í byrjun ágúst.

Allar ráðningar eru framkvæmdar í samræmi við Gæðahandbók ráðninga sem gefin er út af Mannauðs- og starfsumhverfisviði Reykjavíkurborgar en handbókin er leiðarvísir stjórnenda sem standa að ráðningum hjá borginni. Leiðbeiningarnar í handbókinni lýsa ferlinu lið fyrir lið, ýmist eins og það á að vera eða er ákjósanlegast að það sé eftir atvikum. Ráðningarferlið er hannað til þess að laða að og loks ráða hæfasta einstaklinginn hverju sinni til starfa.

Allir þeir sem ráðnir hafa verið til starfa á Þjónustu- og nýsköpunarsviði og fyrirrennara þess á því tímabili sem fyrirspurnin nær til, hafa haft tilskylda menntun, hæfni og reynslu til þess að sinna því starfi sem viðkomandi var ráðinn í. Sviðið býr í dag yfir gríðarlegum auði í þeim starfsmönnum sem þar starfar, einstaklingum sem einnig eru boðberar frjórrar menningar, nýrra aðferða og framsækings hugsunarháttar.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir,
mannauðsstjóri